



Fundargerð

7. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., föstudaginn 9. desember 2022, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Helga Björg Helgadóttir, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Reynir Örn Pálmason og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fulltrúar lögreglunnar og almannavarna koma á fund hreppsnefndar - 2212006

Fulltrúar lögreglunnar á Suðurlandi og almannavarna á Suðurlandi mæta á fund hreppsnefndar Ásahrepps undir þessum dagskrárlíð. Mættir eru Björn Ingi Jónsson, Oddur Árnason og Grímur Hergeirsson.

Grímur Hergeirsson flutti kynningu um starfsemi lögreglunnar á Suðurlandi. Umræður urðu eftir kynningu Gríms.

Hreppsnefnd þakkar fulltrúum lögreglunnar fyrir góða og upplýsandi kynningu á starfsemi lögreglunnar á Suðurlandi og leggur áherslu á öflugt forvarnarstarf lögreglunnar.

2. Fundargerð 2. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps - 2212003

Lögð fram fundargerð 2. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og framkvæmdaáætlun.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Vatnsveitunnar fyrir rekstrarárið 2023.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

3. Fundargerð 2. fundar stjórnar Húsakynna bs. - 2212004

Lögð fram fundargerð 2. fundar stjórnar Húsakynna bs. ásamt fjárhagsáætlun 2023.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Húsakynna bs. fyrir rekstrarárið 2023.

Hreppsnefnd óskar eftir að fá sundurlíðaða framkvæmda- og viðhaldsáætlun fyrir Húsakynni bs til fjögurra ára.

Aðrir dagskrárlíðir til kynningar.

4. Fundargerð 28. fundar stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga. - 2212005

Lögð fram fundargerð 28. fundar stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga ásamt fjárhagsáætlun 2023.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fjárhagsáætlun Tónlistarskólans fyrir rekstrarárið 2023.

Aðrir dagskrárlíðir til kynningar.

HÖH
ROR
EG
EW
BT

5. Fundargerð 67. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2212008

Lögð fram fundargerð 67. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu ásamt fjárhagsáætlun 2023.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti fram lagða fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2023.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

6. Fundargerð 2. fundar Héraðsnefndar Rangæinga - 2212009

Lögð fram fundargerð 2. fundar Héraðsnefndar Rangæinga ásamt fjárhagsáætlun 2023.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fyrir sitt leyti framlagða fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2023.

Aðrir dagskrárliðir til kynningar.

7. Fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 28. nóvember 2022 - 2212011

Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 28. nóvember 2022 ásamt fjárhagsáætlun 2023.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fyrir sitt leyti fram lagða fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2023.

Aðrir dagskrárliðir til kynningar.

8. Fundargerð 66. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2212007

Lögð fram fundargerð 66. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.

Til kynningar.

9. Fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 21. október 2022 - 2212010

Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 21. október 2022.

Til kynningar.

10. Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2023-2026 - 2210031

Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2022-2026 lögð fram til lokaumræðu og afgreiðslu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og skýrði ýmsa liði.

Helstu kennitölur áætlunarinnar fyrir samstæðureikning rekstrarárið 2023 eru (í þús. kr.):

Tekjur: 395.615

Gjöld: 377.868

Fármagnstekjur: 7.577

Rekstrarniðurstaða jákvæð: 7.094

Fastafjármunir: 408.713

Veltufjármunir: 157.198

Eigir samtals: 565.911

Eigið fé: 506.473

Langtímaskuldir: 7.315

Skammtímaskuldir: 51.812

Eigið fé og skuldir samtals: 565.911

Gert er ráð fyrir eftirfarandi fjárfestingum á árinu 2022 (í þús. kr.):

Gatnagerð: 13.000
Götulýsing og plan: 1.638
Reiðvegagerð: 15.000
Viðgerðir á Ásgarði: 15.000
Brunavarnir Rangárvallasýslu bs: 225
Seyrustaðir: 40
Samtals fjárfesting: 44.903

Í áætluninni er gert ráð fyrir að hætt verði að greiða fyrir rafmagnsnotkun ljósastaura á bæjarhlöðum og mun kostnaður færast yfir á þá sem nýta umrædda ljósastaura.

Oddviti bar upp fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2023-2026 til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda lögbundnum aðilum afrit af samþykktri áætlun í samráði við KPMG endurskoðun.

Með breytingu sem gerð var á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga á árinu 2021, þurfa sveitarfélög nú að færa í samantekin reikningsskil sín, sem og fjárhagsáætlanir, hlutdeild sína í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félögum með ótakmarkaðri ábyrgð.

Í tilviki sveitarfélagsins Ásahrepps á þetta við um eftirtalin samrekstrarverkefni:

1. Byggðasamlagið Bergrisinn bs.
2. Byggðasamlagið Umhverfis- og tækni svið Uppsveita bs.
3. Byggðasamlagið Oddi bs.
4. Byggðasamlagið Vatnsveita Rangárbings ytra og Ásahrepps bs.
5. Byggðasamlagið Húsakynni bs.
6. Byggðasamlagið Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.
7. Byggðasamlagið Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.
8. Byggðasamlagið Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.
9. Byggðasamlagið Tónlistarskóli Rangæinga bs.
10. Samstarfsverkefni um Héraðsnefnd Rangæinga og þar með Skógasafn og Héraðsskjalasafn Rangæinga.
11. Samstarfssamningur um sameiginlegan seyrurekstur að Flúðum með sveitarfélögum í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi.

Áætlanir framangreindra rekstrareininga fyrir árin 2023 til 2026 um rekstur, efnahag og sjóðsstreymi liggja ekki fyrir og því hafa áhrif þeirra ekki verið færð í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Þegar samþykktar fjárhagsáætlanir framangreindra rekstrareininga liggja fyrir á viðeigandi formi er fyrirhugað að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2023 til 2026.

11. Fyrirspurn vegna tómstundastyrks Ásahrepps - 2212001

Lagt fram tölvuskeyti Kristínar Ó. Ómarsdóttur, dags. 24. nóvember 2022, þar sem hún óskar eftir upplýsingum um hvort árskort í líkamsrækt fyrir unglíng, þar sem fjölbreytt námskeið eru í boði, sé styrkhæft.

Hreppsnefnd Ásahrepps er samþykk því að kostnaður ungmenna vegna líkamsræktarstöðva falli undir íþrótt- og tómstundastyrk Ásahrepps.

12. Jólakveðja í skólaútlit Grunnskólans á Hellu - 2212002

Lagt fram tölvuskeyti Grunnskólans á Hellu þar sem Ásahreppi er boðið að kaupa jólakveðju, en útlit verður starfrækt dagana 13.-14. desember n.k.


Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að kaupa jólakveðju að upphæð kr. 6.000.


13. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018


Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 21. desember 2023.


Til kynningar.


Fundi slitið kl. 11:45.



Ísleifur Jónasson


Helga Björg Helgadóttir


Nanna Jónsdóttir


Þráinn Ingólfsson


Reynir Örn Pálmason


Valtýr Valtýsson